

Borgarstjórn
4. desember 2018

Breytingatillögur borgarfulltrúa Miðflokksins við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019

Tekjutillögur:

1. Farið verði tafarlaust í að skilgreina lögbundið hlutverk Reykjavíkur og fjármagni forgangsraðað í lögbundna- og grunnþjónustu.
2. Farið verði tafarlaust í kerfisbundinn niðurskurð á skrifstofu borgarstjóra og í annarri stjórnsýslu borgarinnar.
3. Tekið verði tafarlaust upp ráðningarstopp í stjórnsýslu Reykjavíkur en lögbundinni þjónustu og grunnstöðum verði hlíf.
4. Dregið verði úr utanferðum kjörinna fulltrúa og embættismanna borgarinnar og skilagrein gerð fyrir hvers vegna ferð var farin.
5. Farið verði í bestun í öllum innkaupum borgarinnar og að a.m.k. 10% hagræðingu verði náð.
6. Stofnaður verður vinnuhópur allra flokka í borgarstjórn sem hefur það hlutverk að fara í saumana á áætlanagerð borgarinnar í verkum sem hafa farið fram úr áætlunum og geri tillögur um nýtt verklag.

Allar þessar aðgerðir ná fram að ganga fyrir 1. september 2019.

Fenginn verði óháður/utanaðkomandi aðili til að gera úttekt á starfsemi æðstu stjórnar Reykjavíkur.

Greinargerð:

Farið verður yfir allan kostnað, verkaskiptingu og skilvirkni í ört vaxandi kostnaði, tíðum mistökum, dómum, kvörtunum og öðrum athugasemdum sem komið hafa upp undanfarna mánuði gegn borginni.

Útgjaldatillögur

Upphæð frístundakorts verði hækkuð úr 50.000 krónum í 100.000 krónur frá og með 1. september 2019.

Greinargerð:

Meginmarkmið með frístundakortinu er að auka jöfnuð meðal barna og unglinga í Reykjavík hvað varðar þátttöku í skipulögðu félags-, menningar- og íþróttastarfi. Lengi býr að fyrstu gerð. Frístundakortið dugar í dag hið mesta í u.þ.b. 50% hluta æfingagjalda íþróttar, tónlistarstarfi sem og annarra tómstunda. Með því að auka upphæð frístundakortsins úr 50 þúsund kr. á hvert barn upp í 100 þúsund krónur á ári er komið nær raunkostnaði dagsins. Mikilvægt er að tryggt verði að hvert og eitt barn í Reykjavík eigi auðvelt aðgengi tómstundum óháð stétt eða stöðu foreldra. Vel er hægt að rökstyðja að tómstundir barna á grunnskólaaldri séu hluti af menntun sem þau mega ekki vera án. Reykjavíkurborg á að vera í fararbroddi í þessum málum. Áætlaður kostnaður 350 milljónir.